

Greinargerð

Samantekt á viðbrögðum við athugasemdum að loknum kynningartíma stjórnunar og verndaráætlunar fyrir friðlandið *Ströndin við Stapa og Hellna*.

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir ströndina við Stapa og Hellna voru lögð fram til kynningar þann 14. desember 2020 og umsagnar- og samráðsaðilum sem og öðrum þeim sem láta sig svæðið varða var gefinn kostur á að senda inn ábendingar og athugasemdir. Kynningartíminn var auglýstur á heimasíðu og facebook síðu Umhverfisstofnunar og hjá Svæðisgarðinum Snæfellsnesi. Frestur til að skila inn ábendingum og athugasemdum var til og með 28. janúar 2021. Erindi voru send til samráðsaðila þar sem vakin var athygli á kynningarferlinu og óskað var eftir umsögnum fagstofnana. Alls bárust athugasemdir og ábendingar frá sjö aðilum.

Hér á eftir er gerð grein fyrir viðbrögðum við athugasemdum og ábendingum sem bárust á kynningartíma og þeim breytingum sem gerðar voru á drögum að stjórnunar- og verndaráætlunar í kjölfar kynningarferlisins.

Samstarfshópur sem vann að undirbúningi áætlunarinnar þakkar öllum sem sendu ábendingar og athugasemdir.



Eignarhald og skipulag

Svör Umhverfisstofnunar

<p>1. Sigríður Arna Arnþórsdóttir sendi inn athugasemd þar sem hún bendir á að skýrt sé hver er landeigandi friðlandsins Arnarstapamegin en ekki kæmi fram hver ætti landið Hellnamegin.</p>	<p>1. Líkt og kemur fram í kafla 1.2 Eignarhald og umsjón er Snæfellsbær eigandi lands Arnarstapamegin og eigendur nokkurra jarða Hellnamegin. Landið tilheyrir þeim jörðum, sama hvaða einstaklingar eiga þær og eru núverandi eigendur því ekki taldir upp.</p>
--	---

Náttúruminjar

Svör Umhverfisstofnunar

<p>1. Í athugasemd frá Sigríði Örnú Arnþórsdóttur var spurt um hugtakið villustíg en í áætluninni kemur m.a. fram að stefnt skuli að því að afmá villustíga. Spurt er hvað það sé, hver ákveði hvað er villustígur, hvers vegna hann verður til og hvort hann liggja e.t.v. á markverðan stað.</p>	<p>1. Villustígur er hugtak sem er notað í málefnum náttúruverndar þar sem fjallað er um stýringu á umferð. Villustígar eru ekki stígar sem hafa verið merktir, stikaðir eða lagðir af umsjónaraðilum friðlýstra svæða eða annarra ferðamannastaða. Slíkir stígar verða oft til við það að einn gestur ákveður að fara einhverja leið og aðrir fylgja í kjölfarið þar til slóð myndast. Oft leiða villustígarnir ekki á markverðan stað, jafnvel leiða fólk í ógöngur. Sé ekkert að gert geta þeir með tímanum myndað óskipulagt net slóða um landið, losað jarðveg og aukið á landeyðingu. Landverðir og umsjónarmenn viðkomandi svæðis skilgreina villustíga og vinna í að afmá þá og bæta skipulagðar gönguleiðir.</p>
--	---

Menningarminjar

Svör Umhverfisstofnunar

1. Athugasemdir komu frá Minjastofnun Íslands þar sem bent var á að mikilvægt væri að tryggja gott samráð Umhverfisstofnunar og Minjastofnunar varðandi frekari vinnu við varðveislu svæðisins.
2. Minjastofnun Íslands bendir á að fornleifaskráning fyrir Arnarstapa og Hellna hafi farið fram árið 2001 og taldist nægileg á þeim tíma. Nýir staðlar hafi verið lögbundnir síðan þá og mikilvægt sé að gera áætlun um uppfærslu á þeirri skrá sem til er samkvæmt nýjum stöðlum og vettvangsskráningu fornleifa og tryggja fjármagn til framkvæmdar þeirri áætlun.
3. Þá bendir Minjastofnun Íslands á að tryggja þurfi að ekki skapist óvissa um stjórnarsýslu menningarminja á svæðinu og að Minjastofnun Íslands geti rækt hlutverk sitt eins og henni ber samkvæmt lögum um menningarminjar s.s. varðandi rannsóknir, eftirlit og vernd fornleifa og hugsanlega gerð upplýsingaskilta og annarrar uppbyggingar innviða á minjastöðum.

1. *Umhverfisstofnun hefur átt gott samstarf við minjavörð Vesturlands í gegnum tíðina og væntir þess að svo verði áfram. Setning um mikilvægi samstarfsins var sett í kafla 3.4.*
2. *Að jafnaði hefur Umhverfisstofnun ekki frumkvæði að skráningu fornleifa á friðlýstum svæðum enda er það ekki hennar hlutverk. Vegna hugsanlegs deiliskipulags yrði fornleifaskráning hins vegar unnin í samræmi við lög þar um.*
3. *Í stjórnunar- og verndaráætluninni áréttar Umhverfisstofnun hlutverk Minjastofnunar Íslands þar sem við á, í köflum 1.2, 1.3, 2.3 og 3.4. Í kafla 3.7.6. um skilti og upplýsingar var bætt inn setningu um samvinnu við skiltagerð við viðeigandi stofnanir.*

Innviðir og mannvirki

Svör Umhverfisstofnunar

<p>1. Erindi barst frá Hauki Eggertssyni fyrir hönd Landssamtaka hjólreiðamanna. Samtökin telja ekki vera tilefni til að takmarka hjólreiðar í friðlandinu umfram það sem er í almennum lögum, þ.m.t. umferðarlögum og náttúruverndarlögum. Rétt sé hins vegar að brýna fyrir öllum að sýna aðgát m.v. aðstæður og tillitssemi við náttúru og samferðamenn sína. Sú skylda sé ríkari á þá sem eftir atvikum ferðast hraðar en aðrir. Í erindinu eru lagðar til eftirfarandi breytingar á stjórnunar- og verndaráætluninni:</p> <p>a. Kafli 2.5.3. Út fellur: Hjólaleiðir eru ekki merktar á svæðinu. Þess í stað kæmi: Hjólaleiðir eru ekki merktar sérstaklega á svæðinu.</p> <p>b. Kafli 3.7.4. Út fellur: Af öryggisástæðum er óheimilt að vera á reiðhjólum innan verndarsvæðisins sbr. reglu númer 5 í kafla 4. Einnig er óheimilt að fara á hrossum innan friðlandsins sbr. reglu númer 6 í kafla 4. Þess í stað kæmi: Gestir skulu sýna aðgát við ferðir sínar og hverjum öðrum tillitssemi. Ríkari aðgæslu skylda er á hraðari umferð svo sem umferð hjólreiðamanna. Óheimilt að fara á hrossum innan friðlandsins sbr. reglu númer 6 í kafla 4.</p> <p>c. Kafli 4. Sjötti töluliður fellur niður og breytast númer síðari töluliða eftir því sem við á.</p>	<p>1. <i>Unnið úr tillögum tillögum Landssamtaka hjólreiðamanna og texti aðlagður að þeim.</i></p> <p>a. <i>Texta var breytt á þann hátt sem lagt er til.</i></p> <p>b. <i>Texta var breytt á eftirfarandi hátt:</i></p> <p>„Gestir skulu sýna hverjir öðrum tillitssemi og aðgát á stígum. Gangandi umferð hefur forgang fram yfir aðra umferð. Óheimilt er að fara á hrossum innan friðlandsins á svæðum 2 og 3, sjá töflu 1, sbr. reglu númer 5 í kafla 4.“</p> <p>c. Töluliðir í meginþexta og reglum voru uppfærðir.</p>
--	---

<p>2. Sigríður Arna Arnþórsdóttir sendi inn ábendingu vegna bílastæðamála. Sigríður segir að skortur á bílastæðum takmarki ekki komu ferðamanna heldur auki það álag á svæðið. Gangandi fólki stafi hætta af því að bílastæði séu of fá og meiri líkur séu á hjaski og árekstrum auk álags á gróður og hættu á utanvegaakstri. Nauðsynlegt sé að fjölga bílastæðum og ekki eigi að líta á takmarkaðan fjölda þeirra sem stýringu inn í friðlandið</p>	<p>2. <i>Bílastæði eru ekki innan friðlandsins sbr. kafla 3.5.3. Í áætluninni er gert ráð fyrir að Umhverfisstofnun geri úttekt á bílastæðapörf og vinni að lausn í samstarfi við sveitarfélagið og Vegagerðina. Þar munu ólík sjónarmið koma fram og verða rædd. Texti var endurskoðaður og var umfjöllun um bílastæði færð í kafla 3.7.3.</i></p>
<p>3. Náttúrufræðistofnun Íslands sendi einnig inn ábendingu varðandi bílastæði og bendir á að stærri bílastæði kalli á fleiri ferðamenn sem getur valdið meira álagi á svæðið. Þá sé ekki ásættanlegt að stór svæði innan verndarsvæða (hverfisverndar og svæðis á náttúruminjaskrá) séu tekin undir bílastæði. Eins og fram komi í stjórnunar- og verndaráætlun sé svæðið viðkvæmt fyrir ágangi ferðamanna og hluti svæðisins þoli ekki mikla umferð.</p>	<p>3. <i>Bílastæði eru ekki innan friðlandsins sbr. kafla 3.5.3. Í áætluninni er gert ráð fyrir að Umhverfisstofnun geri úttekt á bílastæðapörf og vinni að lausn í samstarfi við sveitarfélagið og Vegagerðina. Þar munu ólík sjónarmið koma fram og verða rædd. Texti var endurskoðaður og var umfjöllun um bílastæði færð í kafla 3.7.3.</i></p>
<p>4. Umsögn barst frá Christine Blin fyrir hönd landeigenda Skjaldartraðar en göngustígur á milli Arnarstapa og Hellna liggur um land þeirra og ferðamenn fara víðar um land jarðarinnar, bæði gangandi og akandi. Landeigendur nefna tvo staði þar sem úrbóta sé mest þörf.</p>	<p>4. <i>Vegna ábendinga frá landeigendum Skjaldartraðar.</i></p>

- a. Maríulind varð að ferðamannastað fyrir nokkrum árum og er mikið heimsótt. Gönguleiðin sem liggur að henni er moldarslóði og þeir sem koma akandi nota slóða landeigenda sem þolir ekki mikla umferð. Landeigendur fara þess á leit við Umhverfisstofnun að stofnunin eða í samvinnu við sveitarfélagið taki að sér gerð göngustíga sem til þarf og annist jafnframt og kosti endurbætur á slóða fyrir akandi ferðamenn í góðu samráði við landeigendur.
- b. Í öðru lagi nefna landeigendur Gróuhelli en ofan við hann er bílastæði á Gróuhól. Landeigendur nefna að jarðvegur þar sé óstöðugur. Jafnframt þurfi að afmarka akstursleið og bílastæði. Landeigendur fara fram á að Umhverfisstofnun og/eða sveitarfélagið annist lagfæringar á bílastæðinu í samráði við þá.
- c. Þá nefna landeigendur að þeir hafi ekki áhuga á að fá aukna bílaumferð um land Skjaldartraðar og grípa þurfi til ráðstafana til að koma í veg fyrir að svo verði.
- d. Landeigendur Skjaldartraðar benda á staði utan landareignarinnar þar sem bæta þurfi innviði. Bent er á að merkingum sé áfátt t.d. sé engin gönguleið frá kirkju merkt. Þá séu gömlu hafnarmannvirkin mikið skemmd og beinlínis hættuleg. Lagt er til að þau verði lagfærð og nýtt fyrir smærri báta.

- a. *Gvendarbrunnur/Maríulind er utan friðlandsins en er friðlýstur sem menningarminjar og því í umsjón Minjastofnunar Íslands. Landeiganda er bent á að leita eftir stuðningi þaðan.*
- b. *Samstarfshópurinn telur að hér sé átt við bílastæði við Dagshelli ofan við Hellnafjöru sem er í landi Skjaldartraðar. Þar er bílum iðulega lagt en ekki er um eiginlegt bílastæði að ræða. Svæðið er innan friðlandsins og munu starfmenn Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, sem er umsjónaraðili friðlandsins, skoða hvernig best er að koma í veg fyrir að bílar leggi þar. Í áætluninni er gert ráð fyrir að gerð verði úttekt á þörf svæðisins fyrir bílastæði og áætlun um úrbætur. Leitað verður samráðs við landeigendur vegna slíkra áætlana.*
- c. *Umhverfisstofnun hefur sett upp nokkur skilti í friðlandinu eins og kemur fram í stjórnunar- og verndaráætluninni og áætla að þau verði fleiri. Ábendingum um frekari merkingar innan friðlands má koma á framfæri við Þjóðgarðinn Snæfellsjökul sem er umsjónaraðili friðlandsins.*
- d. *Kirkjan og nágrenni hennar eru utan friðlandsins en ábendingu um merкта gönguleið er hér komið á framfæri. Hafnarmannvirkin á Hellnum eru ekki í umsjón Umhverfisstofnunar heldur sveitarfélagsins. Fyrir nokkrum árum varð tjón á bryggjunni á Hellnum og ákvað hreppsnefnd þess tíma að einbeita sér að uppbyggingu hafnarinnar á Arnarstapa. Litið er á að höfnin á Hellnum sé hverfandi menningarminjar. Kostnaður við endurbyggingu yrði mikill svo og umrót á svæðinu í tengslum við þá framkvæmd.*

Sérstakar reglur um umferð og dvöl

Svör Umhverfisstofnunar

<p>1. Sigríður Arna Arnþórsdóttir bendir á að í kafla um reglur um umferð og dvöl væri langur listi yfir það sem væri bannað og það skyti skökku við þar sem í kafla 3.5. væri talað um að í gegnum tíðina hafi ríkt gott jafnvægi á milli manns og náttúru. Einnig var bent á að orðfæri væri ekki alltaf það sama í reglunum.</p>	<p>1. <i>Samhliða mikilli fjölgun gesta hér á landi og breyttri hegðan á síðustu árum hefur þörf fyrir skýrar og einfaldar reglur orðið brýn og í núverandi lögum um náttúruvernd hefur Umhverfisstofnun heimild til að setja slíkar reglur á friðlýstum svæðum. Reglur milli svæða eru mismunandi og fara eftir því hvaða reglur eru taldar nauðsynlegar. Tekið er undir að jákvæðara orðalag mætti nota í reglunum og er þakkað fyrir ábendinguna.</i></p>
---	--

Aðgerðaáætlun

Svör Umhverfisstofnunar

<p>1. Sigríður Arna Arnþórsdóttir gerir athugasemd við aðgerðaáætlun 2021-2023 og bendir á að úttekt á bílastæðapörf fyrir friðlandið sé á áætlun árið 2022 sem sé of seint að hennar mati. Um forgangsmál sé að ræða. Hún segist hefði kosið að ýmislegt fleira í aðgerðaáætlun væri fyrir á dagsskrá.</p>	<p>1. <i>Umhverfisstofnun skilur vel athugasemdirnar varðandi að æskilegt væri að fleiri aðgerðir væru á áætlun fyrir en gert er ráð fyrir en niðurröðun verkefna ákvarðast að miklu leyti af fyrirbyggjandi fjármagni, mannskap og verkefnastöðu.</i></p>
---	--

Annað

Svör Umhverfisstofnunar

<ul style="list-style-type: none"> Landgræðslan sendi inn erindi og gerði ekki athugasemdir við áætlunina. Hún kvaðst reiðubúin til að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf um þá þætti er að verksviði hennar snúa sé þess óskað. 	<ul style="list-style-type: none"> Umhverfisstofnun þakkar erindið og mun leita til Landgræðslunnar eftir því sem þörf er talin á.
<ul style="list-style-type: none"> Karl Roth, eigandi Bakka og Bakkabúðar á Hellnum, gerði ekki athugasemd við áætlunina sjálfa, telur þann hluta hennar sem snýr að Hellnum taka mið af staðaranda plássins. Hann bendir hins vegar á að fyrirhugað sé að breyta aðalskipulagi Snæfellsbæjar þannig að leyfilegt verði að byggja hótél við ströndina í landi Gíslabæjar. Byggingin yrði að sögn Karls mjög nálægt svæði IV í friðlandinu og ekki í samræmi við staðaranda og tóninn í verndaráætluninni. Eigendur jarðarinnar Akra sendu inn yfirlýsingu um að þau tækju undir athugasemd Karls. 	<p>Umhverfisstofnun þakkar ábendinguna. Þar sem fyrirhuguð bygging er utan friðlandsins er hún utan þess svæðis þar sem Umhverfisstofnun hefur umboð. Svæðið er hins vegar á náttúruminjaskrá og skal því leita umsagnar Umhverfisstofnunar vegna framkvæmda á því. Erindi frá Snæfellsbæ barst Umhverfisstofnun í október 2020 þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031, fyrir Gíslabæ. Í umsögn stofnunarinnar er m.a. bent á mikilvægi þess að uppbygging og aukinn fjöldi ferðamanna hafi ekki neikvæð umhverfisáhrif á ásýnd svæðisins og fuglalíf. Í svari sínu bendir Umhverfisstofnun jafnframt á mikilvægi þess að tillagan taki tillit til 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og 69. gr. sömu laga.</p> <p>Sjá Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031 – Gíslabær - Hellnar</p>